

Hermundur Sigmundsson, prófessor, Háskólinn á Akureyri.

Þjóðaráttak – virðing – tillitssemi

Undanfarnar vikur og mánuði hefur mikið verið rætt í fjölmiðlum um ýmis mál sem tengjast hegðunaryvandamálum í grunnskólum landsins, aukið agaleysi hjá unglingum og tillitsleysi í umferðinni bæði hjá yngri og eldri öikumönnum.

Margir hafa velt fyrir sér hverjar séu ástæður þessa og ennfremur hvað sé til ráða. Að mínu áliti þarf hugarfarsbreytingu í íslenskt þjóðfélag - sem mundi beinast að mannrækt.

Fyrir nokkrum árum (2002) var ráðist í átaksverkefni sem tengist mannrækt í Noregi, að tilstuðlan þáverandi forsætisráðherra Norðmanna Kjell Magne Bondevik. Aðalmarkmið verkefnisins var að bæta félagslegt umhverfi barna og unglunga og félagsfærni þeirra. Þetta fól í sér, að öll börn og unglingar ættu rétt á góðu andlegu og félagslegu atlæti í leikskólanum, skólanum, frítíma og öðrum skipulögðum frístundum.

Í Þrándheimi fékk verkefnið nafnið 'Vi bryr oss'. Markmið 'vi bryr oss' er að efla félagslega hæfni nemenda. Þetta þýðir, að verkefnið kallar á þátttöku allra skóla í að þróa félagslega hæfni barna og unglunga. Markmiðið er einnig að fá hina fullorðnu, kennara og foreldra til að taka virkan þátt. Nú þegar hefur verkefnið skilað góðum árangri við að efla virðingu fyrir manngildi og jákvæðri hugsun og hegðun.

Það má margt læra af Norðmönnum varðandi þennan málaflokk. Efling jákvæðs hugarfars, tillitssemi og almenn virðing í þjóðfélaginu, gæti orðið höfuðmarkmið slíks verkefnis hér á landi.

Að efla markvist samstarf milli heimilis og skóla væri ein af þeim leiðum sem fara mætti. Breyta hugarfari þannig að unnið sé meira með gildismat og mannlega hegðun. Fræðsla um siðgildi – að börnum/unglingum sé innrætt virðing – heiðarleiki – umburðarlyndi gagnvart öðrum. Hvernig börn koma fram hvert við annað, hvernig börn koma fram við fullorðna, hvernig fullorðnir koma fram við börn, hvernig fullorðnir koma fram við aðra fullorðna og þess háttar.

Margir vísindamenn á sviði þróunar og uppeldismála hafa sýnt fram á það með rannsóknum, að þroski hvers einstaklings mótast í stöðugu samspili milli erfða og umhverfis. Þar með hafa þeir sýnt fram á mikilvægi umhverfis og áreitis fyrir þroska. Umhverfið er jafnframt eini þátturinn sem uppalundur, kennarar og þjálfarar geta haft áhrif á - með því að auka eða breyta áreitum. Foreldrarir og heimilið eru í þessu efni sem öðrum, áhrifamestu aðilarnir í að efla færni/þroska barnsins. Þeir gegna því algjöru lykilhlutverki hvað varðar uppeldi barna sinna.

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt að sá 'félagslegi malpoki' (kunnátta, reynsla og hugarfar) sem börn hafa með sér að heiman, og sá áhugi sem foreldrar sýna námi barna sinna, eru höfuðástæðurnar fyrir því hve mikill munur er á því hvað börn og unglunga læra í skólanum.

Rannsóknir sýna einnig að þeir skólar sem ná að virkja foreldra í nám sinna barna ná betri árangri. Þannig verða foreldrar að auðlind fyrir námsumhverfið og sem máttarstólpi námsárangurs eigin barns, eins og staðfest hefur verið í mörgum rannsóknum.

Ég tel tímabært að við, Íslendingar, hefjum markvissa vinnu með þau gildi sem viðkoma mennsku og mannlegri hegðun. Það má segja að ríkjandi gildi hér fjalli flest um peninga, tísku og útlit.

Ég skora á ráðamenn þjóðarinnar að ýta úr vör þjóðarátaki með manngildi að höfuðmarkmiði, þar sem tillitssemi, virðing, öryggi og samkennd eru í fyrirrúmi. Byrja mætti slíkt átak í grunnskólum og tryggja þarf það sem til þarf, fé, tíma og stefnu. .

Hver bekkur grunnskólans, með sína nemendur, kennara og foreldra ynnu markvisst í ákveðin tíma að slíku verkefni. Hugsanlega gæti hver skóli útbúið skólakjörorð – sem yrði leiðbeinandi fyrir starf skólans og heimilanna á þessu sviði. Slík skólakjörorð yrðu ekki bara notuð í skólunum heldur líka innan veggja heimilanna. Þannig yrðu kjörorðin hluti af daglegu lífi fólks. Hér eru foreldrar í lykilhlutverki sem góðar fyrirmyndir.

En það er ekki nóg að viðhafa fögur orð – efndir þurfa að fylgja! Það að breyta hugarfari og atferli er eitthvað sem krefst stöðugrar vinnu. Slíku verkefni þarf að finna farveg innan veggja skólans. Eftir fyrsta átaksárið mætti hugsa sér að nemendur, sem eru að hefja nám í 1 bekk og foreldrar þeirra yrðu kynnt fyrir skólakjörorðum, þau myndu ræða þau og útfæra.

Hefjum þjóðarátakið – aukum samkennd!